

Sp.

213. Fyrirspurn

[201. mál]

til menntamálaráðherra um fjárhagsvanda Þjóðleikhússins.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hve háan hundraðshluta af rekstrarkostnaði Þjóðleikhússins hefur ríkissjóður greitt með framlagi á fjárlögum á ári hverju s.l. tíu ár?
2. Hvers vegna hefur halli á rekstri leikhússins ekki fengist greiddur með aukafjárveitingum en þess í stað verið færður því til skuldar?
3. Hvenær má búast við að nauðsynlegum viðgerðum og endurbótum á leikhússbyggingunni ljúki?
4. Telur ráðherra að Þjóðleikhúsið ráði við að fullnægja þeim kröfum um listræna starfsemi á ýmsum sviðum, sem lög hafa sett því, með þeim framlögum sem leikhúsið hefur fengið á fjárlögum undanfarin ár?
5. Er nokkur efi um það hjá núverandi stjórnvöldum að Þjóðleikhúsið skuli áfram starfa samkvæmt lögum um Þjóðleikhús, nr. 58/1978?